

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar, hafa eftirfarandi reglur verið settar um umferð á Akureyri:

1. Óheimilt er að beygja til vinstri úr Brekkugötu í Oddeyrargötu.
 2. Heimill er akstur úr Smáragötu inn á Glerárgötu, en Smáragata hefur þó biðskyldu gagnvart Glerárgötu á þessum gatnamótum.
 3. Gatnamótum Norðurgötu og Gránufélagsgötu hefur verið lokað austan Norðurgötu.
 4. Tvístefnuakstur er á Grundargötu.
 5. Tvístefnuakstur er á Gránufélagsgötu milli Grundargötu og Norðurgötu.
 6. Bifreiðastöður eru bannaðar við austurbrún Grundargötu.
- Reglur þessar taka gildi þegar í stað.

Lögreglustjórinn á Akureyri, 14. júní 1982.

Freyr Ófeigsson.